

Stjórnarfundur SÍK, 20. september 2016

Mættir: Allir nema Hermann, Birna, Haraldur og Sveinn.

Fundur hófst með því að Ragnar las úr Orðinu og síðan var sambæn.

Aðalfundur bókaútgáfunnar Salts hf. Mættir: Stjórn SÍK og Bjarni Árnason. Ragnar kosinn fundarstjóri, Guðlaugur ritar fundargerð.

1. Skýrsla liðins árs.
 - a. Ragnar gerði grein fyrir starfi síðasta árs. Áhersla er á minniháttar útgáfu og söluvænleika. Ýmsar bækur hafa strandað. Annað er í skoðun.
 - b. Umræður um skýrsluna. Lúthersbókin eftir Beinton er uppseld og það má skoða rafútgáfu samanborið við lítið upplag á prenti. Einnig má athuga útgáfu á andaktsbók eftir Coree ten Boom.
2. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram. Síðasta ár kom vel út vegna skuldauppgjörs SÍK.
3. Skýrsla og reikningar voru samþykkt.
4. Engar arðgreiðslur verða greiddar.
5. Kosning stjórnar: Ragnar og Bjarni Árna verða áfram, Sveinbjörg og Jón Ómar halda áfram. Stjórn SÍK stingur upp á KS þar að auki.
6. Stjórnin er útgáfuráð.
7. Löggiltur endurskoðandi sé sami og fyrir SÍK.
8. Önnur mál. Lagerinn er bókfærður á 7,8 mkr. Það má reyna að koma að auglýsingum á Facebook og athuga með kynningu og auglýsingu á Lindinni, ef það fæst leyft. Bjarni er gefinn út í 600 eintökum en 500 áskrifendur og fer fækkandi. Athuga má einnig hvort þurfi að vera dráttarvextir eftir eindaga á rukkun þar sem það veldur gremju sumra. Gott er að reka áróður í samkirkjulegu samhengi. Gæta þarf þess þá að efnið endurspegli líka tengsl við fleiri söfnuði. Ábendingar um fréttaritara eða greinahöfunda vel þegnar.

Stjórnarfundur SÍK.

1. Fundargerðir

- a. Síðasti stjórnarfundur. Engar athugasemdir. Þó nefnt að útvarpsmessa á kristniboðsdaginn verði tekin upp fyrirfram og söngur sem er til fyrir klipptur inn í, n.k. útvarpsþátt. Vel var tekið í hugmyndina. Ragnar vinnur hana með Guðmundi Karli Brynjarssyni.
- b. Starfsmannafundur. Engar athugasemdir.
- c. Basarnefnd. Engar athugasemdir.

2. Á döfinni.

- a. Haustmarkaður gaf af sér um 600 þúsund, styrktartónleikar um 400 þúsund og kjötsúpukvöld brúttó 170 þúsund.
- b. Fundur forsvarsmanna norrænna kristniboðsfélaga haldinn í Noregi. Ólafur og Ragnar sóttu fundinn. Gagnlegur fundur til samráðs milli hreyfinganna. Fókus var á stefnumörkun og áherslur. NLM stefnir á ný svæði, þar á meðal til múslima. Nýbúastarf til umræðu, hvort það væri heimastarf eða millistarf milli þess og ytra starfs. Skjal lagt fram um kærleikspjónustu (diakonia). NLM líta ekki á að búið að ná til allra í S-Omo en Danir yfirgefa Eþíópíu 2020. Starfið er víðtækt. Finnar hafa tekið þátt í móttöku flóttamanna í Grikklandi. Athyglisvert var að heyra hvernig NLM hefur unnið með afstöðu síns fólks gagnvart flóttafólki og múslimum. Þjóða mætti upp á námskeið hér sem þeir hafa keyrt til að byggja upp jákvæðni

og hvernig best er að eiga samskipti við þá og takast á við menningarmuninn (*Tro mellom venner*).

- c. Vígsla skólaprests. Ólafur Jón verður vígður 25. september í Dómkirkjunni kl 14 og Ragnar verður meðal vígsluvotta. Við getum verið með KSH í smá gjöf. Ólafur ræðir við Hildi Björgu.

3. Utanlandsferðir vegna starfsins.

- a. Færeyjaferð Guðlaugs 23.-26. sept. Prédikar fimm sinnum.
- b. Stefnt er að því að Skúli fari til Kenýu eftir áramót, ef það gengur, vegna skólabyggingaverkefnisins en Utanríkisráðuneytið hefur styrkt verkefnið *Menntun fyrir alla, tveir skólar í Pókot* upp á 12,2 mkr en heildarkostnaður er 15,345 mkr, tæp 1,5 hlutur SÍK.
- c. Íslenskir nemendur á Fjellhaug eru sáttir við námið. Ragnar og Ólafur hittu þær sl. föstudag í Ósló.
- d. Fanney og Fjöltnir hittu Ragnar og Ólaf og hafa hug á að fara til Kenýu næsta sumar til starfa í tvo mánuði. Stjórnin tekur mjög vel í það. Fjöltnir er spenntur fyrir útbreiðslustarfinu.
- e. Ingibjörg og Jónas gætu farið til Eþíópíu í vetur ef aðstæður leyfa.
- f. Kalli gæti farið í mars-apríl til að fylgja eftir lestrarverkefninu og öðru starfi í Ómó Rate.
- g. Kristniboðaráðstefna í Japan. Ragnar hefur verið spurður um að koma, seinni part í mars 2017, í tengslum við aðalfund kirkjunnar líka. SÍK hefur aldrei sent fulltrúa til Japan og stjórnin vill gjarnan senda Ragnar, enda Leifur og Katsuko í miðju tímabili núna.
- h. Enginn hefur boðist til að fara til Grikklands.
- i. Stjórn *Nordisk indremissionsráð* með fund í janúar.

4. Liljusjóður.

Farið yfir verkefni og stöðu. Ólafur og Ragnar halda áfram að vinna með þetta.

5. Næsti fundur kl. 17 þann 25. október.

6. Önnur mál

- a. Áskorun til Sameinuðu Þjóðanna um að undanskilja ekki munaðarlaus og vegalaus börn. Samþykkt að Ragnar skrifi undir f.h. stjórnar.
- b. Laugardagsmönnum á Basarnum gengur sæmilega, 9 af 14 skipti. Tekjur voru um 20 þúsund í fyrsta skipti. Fólk tók eftir að það var opið á laugardegi og ef til vill aðrir en venjulega. Vekja má athygli og auglýsa þennan laugardagsopnunartíma.
- c. Vakin athygli á akurhæueggjasölu. Minna á, á Facebook, sik.is og í Kristniboðspósti.
- d. Álag er mikið á íslenskukennslunni. Gott væri að geta ráðið einhverja til hjálpar eða fá fleiri sjálfboðaliða.

Fundi lauk með bæn.